

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 8. júní 1970

um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi stýrisbúnað vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra

(70/311/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

vélum, landbúnaðartækjum og vélbúnaði til opinberra verk-
legra framkvæmda.með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,
einkum 100. gr.,

2. gr.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

Aðildarríkjum er óheimilt að synja um EBE-
gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu
fyrir ökutæki af ástæðum sem varða stýrisbúnað þess ef-
búnaðurinn fullnægir þeim kröfum sem fram koma í við-
aukanum.með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,

3. gr.

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar-
innar ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Allar breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að laga kröfur
viðaukans að tækniframförum skal samþykkja samkvæmt
þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunar
ráðsins frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildar-
ríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum
og eftirvögnum þeirra.Meðal tæknilegra krafna sem vélknúin ökutæki verða að
uppfylla samkvæmt landslögum eru ákvæði er varða stýris-
búnað.

4. gr.

Þessar kröfur eru mismunandi frá einu aðildarríki til ann-
ars. Því er nauðsynlegt að öll aðildarríki samþykki sömu
kröfurnar, annaðhvort til viðbótar við gildandi reglur eða
í stað þeirra, einkum til þess að sú aðferð við EBE-
gerðarviðurkenningu, sem kveðið var á um í tilskipun ráðs-
ins ⁽³⁾ frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkj-
anna varðandi gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækj-
um og eftirvögnum þeirra, geti átt við allar gerðir ökutækja.1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til
að fara að tilskipun þessari innan átján mánaða frá birtingu
hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni
berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um
málefni sem tilskipun þessi nær til.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

5. gr.

1. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Í þessari tilskipun merkir „ökutæki“ öll vélknúin ökutæki
sem ætluð eru til aksturs á vegum, með eða án yfirbyggingar,
á fjórum eða fleiri hjólum, sem eru hönnuð fyrir hámarks-
hraða yfir 25 km/klst. og eftirvagnar þeirra, að undanskild-
um ökutækjum sem fara eftir teinum, landbúnaðardráttar-

Gjört í Brussel 8. júní 1970.

Fyrir hönd ráðsins,

P. HARMEL

forseti.⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 160, 18. 12. 1969, bls. 7.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 10, 27. 1. 1970, bls. 18.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.

VIDAUKI

1. SKILGREININGAR

1.1. Stýrisbúnaður

Með „stýrisbúnaði“ er átt við allan búnað sem gegnir því hlutverki að breyta stefnu ökutækis.

Til stýrisbúnaðar má telja:

— stýrishjól;

— stýrisvél;

— stýrð hjól;

— ef við á, sérbúnað sem framleiðir viðbótarafli eða sjálfstætt afl.

1.1.1. Stýrishjól

Með „stýrishjóli“ er átt við þann hluta sem ökumaður stjórnar beint til að stýra ökutækinu.

1.1.2. Stýrisvél

1.1.2.1. Þegar um er að ræða vélknúin ökutæki er með „stýrisvél“ átt við alla íhluta milli stýrishjóls og stýrðra hjóla að þeim sérbúnaði frátöldum sem um getur í lið 1.1.4. Stýrisvél getur verið vélræn, vökvaknúin, loftknúin, rafknúin eða einhver samsetning þessa.

1.1.2.2. Þegar um er að ræða efturvagna er með „stýrisvél“ átt við alla íhluta sem flytja nauðsynlegt afl til stýrðra hjóla til að fá fram stefnubreytingu ökutækisins.

1.1.3. Stýrð hjól

Með „stýrðum hjólum“ er átt við hjól sem breyta má stefnu á beint eða óbeint miðað við ökutækið til þess að breyta akstursstefnu þess.

1.1.4. Sérbúnaður

Með „sérbúnaði“ er átt við þann hluta stýrisbúnaðar sem myndar viðbótarafli eða sjálfstætt afl. Vélræn, vökvaknúin, loftknúin eða rafknúin eða sambland þeirra geta myndað viðbótarafli eða sjálfstætt afl (t.d. með olíudælu, loftdælu eða rafgeymi).

1.2. Ólíkar gerðir stýrisbúnaðar

1.2.1. Gerður er greinarmunur á eftirfarandi gerðum stýrisbúnaðar eftir þeim aflagjafa sem nauðsynlegur er til að breyta stefnu stýrðu hjólanna:

1.2.1.1. *Handvirkur stýrisbúnaður* þar sem einungis vöðvaafli ökumanns myndar stýriaflíð;

1.2.1.2. *Stýrisbúnaður með hjálparafl* þar sem bæði vöðvaafli ökumanns og sá sérbúnaður sem um getur í lið 1.1.4 mynda stýriaflíð;

1.2.1.3. *Sjálfstýribúnaður* þar sem einungis sá sérbúnaður sem um getur í lið 1.1.4 myndar stýriaflíð.

1.3. Stýriskraftur

Með „stýriskrafti“ er átt við það afl sem ökumaður beitir á stýrishjólið til að stýra ökutækinu.

2. KRÖFUR UM SMÍÐI, UPPSETNINGU OG EFTIRLIT
- 2.1. **Almennar kröfur**
- 2.1.1. Stýrisbúnaðurinn skal tryggja að auðvelt og öruggt sé að stýra ökutækinu; ef nauðsyn krefur skal ökutækið búið stýrisbúnaði með hjálparaflí.
- 2.2. **Sértækar kröfur**
- 2.2.1. *Stýrishjól*
- 2.2.1.1. Stýrishjólið skal vera auðvelt í notkun og auðvelt að ná góðu gripi á því. Það skal þannig gert að það leyfi jafna stefnubreytingu. Hreyfing stýrishjóls í tiltekna stefnu skal samsvara beint þeirri stefnubreytingu ökutækisins sem óskað er.
- 2.2.1.2. Stýriskraftur sem þarf til að ná beygjuhring með 12 m radíus úr beinni akstursstefnu skal ekki vera meiri en 25 kg.

Sé um stýrisbúnað með hjálparaflí að ræða skal nauðsynlegur stýriskraftur ekki vera meiri en 60 kg bregðist hjálparaflgjafinn.
- 2.2.1.3. Til að kanna hvort kröfum í lið 2.2.1.2 sé hlítt skal aka ökutækinu úr beinni akstursstefnu í spíral á 10 km hraða á klukkustund. Stýriskraftur sem beitt er á stýrishjól skal mældur uns stýrishjólið nær þeirri stöðu sem samsvarar því að ökutækinu sé beygt í hring með 12 m radíus; stýriskrafturinn skal ekki fara yfir þau gildi sem kveðið er á um. Tímalengd stefnubreytingarinnar (tími sem líður frá því fyrst er hreyft við stýrishjólinu uns það nær þeirri stöðu þegar mælingar fara fram) skal ekki fara yfir fjórar sekúndur í venjulegum tilvikum og sex sekúndur bregðist aukaaflgjafinn. Eina stefnubreytingu skal gera til hægri og aðra til vinstri.

Í prófuninni skal ökutækið vera hlaðið að tæknilega leyfilegri hámarksþyngd; loftþrýstingur í hjólbörðum skal ásamt skiptingu þyngdar milli ása vera eins og framleiðandi gefur til kynna.
- 2.2.2. *Stýrisvél*
- 2.2.2.1. Unnt skal vera að stýra ökutækinu jafnvel þó að vökva-, loft- eða rafstýrðu íhlutar stýrisvélarinnar bregðist alveg eða að hluta.
- 2.2.2.2. Vélrænar stýrisvélar skulu þannig hannaðar að þær standist allar starfrænar kröfur. Þær skulu aðgengilegar til viðhalds og eftirlits.
- 2.2.3. *Stýrð hjól*
- 2.2.3.1. Afturhjólin skulu ekki vera einu stýrðu hjólin. Þessi krafa á ekki við um festivagna.
- 2.2.3.2. Eftirfarandi prófun skal framkvæma á ökutækjum með afturhjól sem einnig eru stýrð:
 - 2.2.3.2.1. Ökumanni skal vera kleift að halda afturhjólum í beinni línu án þess að rétta stýrið óeðlilega mikið af, á flötum og láréttum vegi á 80 km hraða á klukkustund eða hámarkshraða sem ökutækið er gert fyrir ef hann er undir 80 km á klukkustund.

- 2.2.3.3. Í eftirfarandi tilvikum ber einnig að framkvæma prófunina sem tilgreind er í lið 2.2.3.2.1 á eftirvögnum á 80 km hraða á klukkustund eða tæknilega leyfilegum hraða sem framleiðandi tilgreinir sé hann undir 80 km á klukkustund:
- hafi eftirvagninn fleiri en einn ás með stýrðum hjólum,
 - sé eftirvagninn festivagn með að minnsta kosti einn ás með stýrðum hjólum(*)).
- 2.2.4. *Sérbúnaður*
- 2.2.4.1. Sjálfstýribúnaður er óheimill.
- 2.2.4.2. Stýrisbúnaður með hjálparaflí skal hafa aflgeymi þegar hann er ekki búin eigin aukaaflgjafa. Sé þrýstiloft notað sem aflagjafi skal þrýstiloftsgeymirinn varinn með einstefnuloka.
- 2.2.4.3. Unnt skal vera að stýra ökutækinu jafnvel þó að sérbúnaðurinn bregðist.

(*) Samanber leiðréttinguna sem birt er í Stjtið. EB nr. L 196 frá 3. september 1970.